

Skólasóknarkerfi í grunnskólum á svæði Félags- og Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Verkferill -fjarvistir og seinkomur

1

10 fjarvistarstig og/eða seinkomur

8 í mætingareinkunn

- Umsjónarkennari sendir forsjáraðilum póst um ástundun
- Umsjónarkennari ræðir við forsjáraðila og/eða nemanda
- Vísað í kynningarefni á heimasíðu skóla um farsæld barna og hlutverk tengiliða

2

15 fjarvistarstig og/eða seinkomur

7 í mætingareinkunn

- Umsjónarkennari sendir forsjáraðilum póst um ástundun og upplýsir skólastjórnanda og/eða nemanda
- Forsjáraðilar boðaðir á fund umsjónarkennara þar sem leitað er skýringa á fjarvistum og metin þörf fyrir aðkomu tengiliðar til að styðja við farsæld barns og fjölskyldu

3

25 fjarvistarstig og/eða seinkomur

5 í mætingareinkunn

- Skólastjórnandi sendir tilkynningu til barnaverndar að forsjáraðilum upplýstum

- Í upphafi hvers skólaárs eru allir nemendur með fullnægjandi skólasókn
- 1. stig: Seint, ef nemandi mætir 5 mínútum eftir að tími hefst
- 2. stig: Fjarvist, ef nemandi mætir ekki eða 15 mínútum eftir að tími hefst
- 3. stig: Brottrestur, ef nemandi er vísað úr kennslustund
- Skólasókn er sýnileg í Mentor/Námsfús
- Umsjónarkennari sendir forráðamönnum mánaðarlega upplýsingar í tölvupósti um stöðu skólasóknar

Verkferill - veikinda- og leyfisdagar

1

5 veikinda- og/eða leyfisdagar

- Umsjónarkennari sendir forsjáraðilum póst um ástundun
- Umsjónarkennari metur stöðuna og hefur samband við forsjáraðila ef þurfa þykir
- Vísað í kynningarefni á heimasíðu skóla um farsæld barna og hlutverk tengiliða

2

10 veikinda- og/eða leyfisdagar

- Umsjónarkennari sendir forsjáraðilum póst um ástundun og upplýsir skólastjórnanda
- Umsjónarkennari metur stöðuna og forsjáraðilar ásamt nemanda, boðaðir á fund umsjónarkennara þar sem leitað er skýringa á fjarvistum og metin þörf fyrir aðkomu tengiliðar til að styðja við farsæld barns og fjölskyldu
- Umsjónarkennari bendir á viðtalstíma náms- og starfsráðgjafa

3

15 veikinda- og/eða leyfisdagar

- Umsjónarkennari sendir forsjáraðilum póst um ástundun og upplýsir skólastjórnanda
- Umsjónarkennari metur stöðuna ásamt skólastjóra og forsjáraðilar hvattir til að óska eftir samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns til að tryggja aðgengi að viðeigandi ráðgjöf og stuðningsúrræðum frá félagsþjónustu

4

20 veikinda- og/eða leyfisdagar

- Skólastjórnandi boðar til fundar með forsjáraðilum og tengilið skólans þar sem veitt er leiðsögn við að óska eftir samþættri þjónustu
- Skólastjóri upplýsir forsjáraðila að málið verði tekið fyrir á nemendaverndarráðsfundi
- **Ef 80% eða meira af þessum veikinda- og leyfisdögum eru vegna veikinda getur nemendaverndarráð tekið ákvörðun um að fela skólahjúkrunarfræðingi að hafa samband við foreldra.**

5

25 veikinda- og/eða leyfisdagar

- Skólastjórnandi sendir tilkynningu til barnaverndar að forsjáraðilum upplýstum

- Forsjáraðilar bera ábyrgð á að tilkynna veikindi
- Á öllum þrepum ber að gæta jafnræðis og samræmis í viðbögðum
- Taka skal tillit til aðstæðna og þarfa nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins